



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar,
í afmæli Norræna félagsins
helgað kynningu á
Vesturfaraverkefni Norræna félagsins
28. september 1997**

Í Paradísarheimt færir Þjóðrekur biskup Steini Steinarssyni í Hlíðum leiðarvísi um förina til Spánka Forsks:

„Þegar þú kemur á leiðarenda í Saltsjódal, þá skaltu ekki skifta þér af neinu, utan spyrja hvar liggi þjóðvegur til Spánka Forsks, sem stundum er nefndur Spánforkur, og segjast vera af Íslandi. Munu þá allir menn kyssa þig.”

Í þessum línnum dregur Halldór Laxness upp lýsingu sem er samnefnari mikillar sögu um ferðalag þúsunda úr íslenskum sveitum og um búsetu í framandi álfa þar sem ættjörðin bjó þó áfram í hugum þeirra og hjörtum, lífsháttum og menningu.

Í heila öld hefur fólk af íslenskum uppruna komið saman ár hvert í Spánka Forki og heiðrað þessa sögu. Það hefur varðveitt fjölmörg hús frumbyggjanna og í kirkjugarði bæjarins eru íslensku leiðin í sérstökum gróðurreit. Það voru litlir íslenskir fánar á hverju þeirra þegar við Guðrún Katrín komum þar í sumar. Hundruðum saman léku þeir í blá - rauð - hvítum litum við grænar flatir og voldug tré garðsins. Ættmenn þeirra sem Laxness lýsir í Paradísarheimt veittu okkur leiðsögn frá einum legsteini til annars. Íslensk saga, þjóðlíf og bókmenntir í einni heild þótt hálf álfa og meginhaf skilji heimkynnin að.

Í Spánkum Forki voru Íslendingarnir hluti af norrænu samfélagi sem festi rætur þarna í eyðimörkinni. Danir, Svíar og Íslendingar fluttu með sér til Utah norrænan arf og menningu. Svo rík er sú arfleifð að við höfðum oft orð á því þegar við ókum eftir breiðgötum í hestvagninum í sumar á aðalhátiðardegi bæjarins og íbúarnir voru þúsundum saman á

gangstéttum til að fagna okkur og halda upp á daginn að svo norrænt var fólkið að útliti og öllum brag að við gátum hæglega verið á þjóðhátíð í Noregi og á Íslandi eða vorhátíð í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Í Seattle hefur í veglegri byggingu sem áður var höfuðskóli eflst á röskum áratug glæsilegt safn um norrænar byggðir við Kyrrahaf. Sérstakar deildir eru helgaðar hverju landi. Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland, Færeyjar og Ísland eiga öll sína sérstöku sali. Munir og minjar, ljósmyndir, sendibréf, bækur, klæði og kjörgripir allt minnir þetta á sameiginlega sögu og menningu. Íslandsdeildin er líkust byggðasafni sem við sjáum á Vestfjörðum, í Þingeyjarsýslu eða á Austfjörðum. Í öðrum sölum byggingarinnar eru svo að jafnaði sýningar á norrænni list og þar var í sumar hátíðarsýning helguð Louisu Matthíasdóttur og var gaman að heilsa íslensku landslagi og mannfólki í málverkum hennar.

Norræna húsið í Seattle er öflug miðstöð lista, menningar og sögu. Það eru félög fólks af norrænum ættum í byggðunum við Kyrrahaf sem hana hafa þróað með einstökum glæsibrag og metnaði.

Því nefni ég þessa þætti úr heimsókn okkar hjónanna á Íslendingaslóðir í Vesturheimi á liðnu sumri að mér finnst þeir lýsa vel hve samgróinn norrænn arfur er sögu ættmenna okkar vestanhafs. Tengsl fólks af norrænum uppruna eru sterk í Íslendingabyggðum og hin norræna saga frá Landnámu Ara fróða og Heimskringlu Snorra hefur haldið áfram að auðgast af nýjum bindum vestanhafs jafnt á síðustu öld og til okkar daga.

Það er því við hæfi og í samræmi við þá góðu hefð sem Norræna félagið hefur fylgt að nýsköpun í ungmennastarfi félagsins skuli beinast að fólki íslenskrar ættar í Vesturheimi, að ræktarsemi við þennan stóra frændgarð okkar skuli vera sett í samhengi við norræn vináttutengsl.

Á sama hátt og það sem ég hef stundum nefnt “íslenska samfélagið” telur bæði okkur sem hér búum og þann mikla fjölda sem er af íslenskum uppruna í Bandaríkjunum og Kanada, þá er hinn norræni garður einnig prýddur öflugum trjágróðri sem vaxið hefur upp vestanhafs og nýtur enn hinna upprunalegu róta úr dölum og fjörðum Norðurlanda.

Að eiga sér rætur er vissulega dýrmæt gjöf í heimi þar sem reynsla og tækni taka heljarstökk með æ meiri hraða og nánast allt virðist á fleygiferð.

Hvergi er þessi þörf sterkari en í landnemaþjóðfélögunum vestanhafs, Bandaríkjunum og Kanada, þar sem aðeins tvær aldir eða svo mynda söguskeiðið. Svo ung er þeirra saga að í nágrenni Spanska Forks í Utah eru undrafjöll sem fólk af evrópskum uppruna leit fyrst augum á öðrum áratug þessarar aldar, og gerði þá fljótlega að þjóðgarði.

Ættfólk okkar vestanhafs vill eiga með okkur sögu Íslands og menningu, deila með okkur þjóðveldinu, landafundum, myrkum miðöldum, sjálfstæðisbaráttu, ljóðum, sögum og list og jafnframt kynnast Íslandi nútímans, fræðast um árangur okkar í þróun þjóðfélags og menningar, njóta fegurðar fjallanna og heimsækja sveitirnar sem voru æskuslóðir forfeðranna.

Þetta frændfólk er stolt af sínum íslenska uppruna og vill færa börnum sínum og barnabörnum arfleifð að gjöf, veita þeim veganesti sem reynst hefur vel. Ungu fólkið sjálft virðist nú reiðubúið til að leita uppruna síns með nýjum hætti. Því kynntumst við vel í ferð okkar á liðnu sumri. Það virðist vera ný vakning meðal ungmenna af íslenskum ættum í Vesturálfu. Því meiri sem áreitni breytinganna verður því skýrari og sterkari verður þörfin fyrir traustar rætur.

Ég óska Norræna félaginu til hamingju með þá ákvörðun að ýta úr vör Vesturfaraverkefninu sem hér hefur verið kynnt og færi ykkur jafnframt þakkir fyrir framlag ykkar til að styrkja ættartengslin við frændgarð okkar vestanhafs, að gera ræktarsemina við þennan mikilvæga söguarf okkar Íslendinga að verkþætti í norrænu starfi.

Ég veit að framtaki ykkar verður fagnað með einstökum hætti meðal fólks af íslenskum ættum í Bandaríkjunum og Kanada. Ákvörðun Norræna félagsins mun þar verða talin til stórtíðinda. Við sem hér búum eigum kannski erfitt með að skilja til hlítar þær heitu tilfinningar sem bærast í brjóstum afkomenda þeirra sem fluttu burt, en þegar við sjáum fullorðið fólk sem hingað kemur í fyrsta sinn standa í túngarði fæðingarjarðar afa síns eða ömmu, horfa yfir dalinn og fjörðinn og gráta í hljóði eða hástöfum drjúga stund þá skilst okkur hvers virði ræturnar eru þessu fólki, börnum þeirra og fjölskyldum öllum.

Þúsundir útréttra handa í heimabyggðum íslensku ættanna vestanhafs munu fagna þessari ákvörðun Norræna félagsins og sjálfsagt munu margir vilja endurgjalda boðin með heimsóknum ungra Íslendinga á söguslóðir frændgarðs okkar vestanhafs. Þannig kann ákvörðun ykkar og framtak að leiða til nýrra ættarbanda þeirra kynslóða sem vinna munu

sitt æviverk á öldinni sem senn gengur í garð. Á þann hátt mun samhengið í íslenskri sögu, bindiefni íslenskrar menningar, haldast öflugt og sterkt á nýrri tíð.

Ég færi ykkur þakkir og óska ykkur enn á ný til hamingju með þessa lofsverðu ákvörðun og afmæli félagsins.